



Rb/Sfb	(53)	
Rb (53).013		

Keldnaholti, sími 570 7300

Júlí 2004

## 1.0 INNGANGUR

### 1.1 Efni blaðsins

Vatnstjón í húsum kosta árlega húseigendur og tryggingafélög háar upphæðir fyrir utan óþægindin sem þau hafa í för með sér. Eðli málsins samkvæmt verða vatnstjón oft í votrýmum bygginga, þar sem vatnsálag er mikið og loftraki hár. Orsakir vatnstjóna eru oft slæm hönnun eða röng útfærsla og stundum eru þveranir í gegnum gólf og veggi ekki nægjanlega vandaðar og sama má segja um úrtök. Fyrirkomulag tækja og lagna, fóðurrör og þéttigar, svo og aðkoma til eftirlits og viðhalds skiptir mestu um hvernig til tekst við að koma í veg fyrir tjón og kostnað við viðgerðir og endurnýjun.

Mikilvægt er að huga að staðsetningu lagna strax við frumhönnun bygginga. Staðsetning votrýma, afstaða þeirra innbyrðis og til lagnastokka er grundvallaratriði þegar hanna á lagnakerfi með stofnkostnað, endingartíma kerfis og öryggi gegn vatnstjónum í huga. Kanna þarf sannýtingu aðfærsluleiða að hinum mismunandi votrýmum hússins, baðherbergjum, eldhúsi og þvottaherbergi. Einnig er óæskilegt að aðfærsluleiðir (stofnar) séu á blautum svæðum við bað og sturtu.

Í þessu Rb-blaði er farið yfir kröfur til úrtaka í veggi og gólf votrýma, ásamt kröfum til uppsetningar og festinga. Í lokin er stutt lýsing á lekavörum, sem geta varað við leka áður en tjón verður, og samantekt á lykilatriðum sem hafa ber í huga við hönnun lagnakerfis.

### 1.2 Tilvísanir

- Byggingarreglugerð
- Lagnaþekking (Rb-sérrit)
- Veggar baðherbergja (Rb-blað)

## 2.0 RÁÐLEGGINGAR

Til þess að lágmarka hættuna á vatnstjóni í votrýmum eru eftirfarandi ráðleggingar settar fram:

- Leggja rör utanáliggjandi á veggi eða í fóðurrör.
- Takmarka úrtök í veggi og gólf eins og kostur er.
- Komast hjá því að setja úrtök í gólf þar sem vatnsálag er mikið svo sem við sturtu, baðker og nálægt vatnslás.
- Sjá til þess að úrtök séu vatnspétt. Þetta er ekki síst mikilvægt varðandi göt í gólfum og þar sem vatnsálag er mikið á veggjum.

Mesta álagssvæði votrýma, svokallað *blautsvæði* er skilgreint sem:

- Allt gólfíð.
- Neðstu 100 mm af veggjum.
- Allir veggir í < 500 mm fjarlægð frá sturtu, baðkeri og vaski með sturtuhaus.
- Við fasta skermveggi, minnst 250 mm kringum sturtu eða baðker.

Það sem eftir er af veggjum í votrýminu er skilgreint sem *rakt svæði*.


Mikilvægt er að allir sem koma að vinnu við votrými skilji mikilvægi þess að rýmið verði raka- og vatnspétt. Vanda þarf yfirborðsmeðhöndlun blautsvæða. Nota þarf efni sem þola það vatnsálag sem yfirborðið verður fyrir. Málun er oft ófullnægjandi yfirborðsmeðhöndlun. Þörf er á að bera fljótandi og vatnspéttan dúk á blautsvæði undir flísar, þar sem reynslan hefur sýnt að flísalögner er ekki vatnspétt og lekur fyrr eða síðar. Einnig þarf að þéttu vel þar sem þéttilag er rofið vegna þverana.

## 3.0 STAÐSETNING RÖRA

Til þess að úrtök verði þétt þarf að tryggja nægjanlegt pláss fyrir útfærslu vinnunnar. Mælt er með því að úrtök séu í að minnsta kosti 100 mm hæð frá gólfí og 60 mm frá vegg, sjá mynd 1. Ef notuð eru tilbúin fóðurrör er minnsta fjarlægð frá gólfí og


vegg 30 mm. Fóðurrör skulu vera utan við sveigju við gólfíð að öllu leyti.

Milli röra skal vera minnst 60 mm, sama gildir um fjarlægð milli úrtaka í veggjum.


**MYND 1**

Staðsetning þverana, minnstu mál til að hafa nægilegt vinnurými

Samtengingar þurfa gott pláss og þær skal festa við vegg. Ef rör eru lóðrétt inni í veggjum verður að tryggja nægjanlegt pláss til að beygja rörið.


**MYND 2a**

Dæmi um samtengingu í plötuklæddum grindarvegg

## 4.0 ÚRTÖK


Öll úrtök og þá staði þar sem þveranir ganga í gegnum vegg eða gólf skal þetta vandlega t.d.:

- að röri sem leitt er án samsetninga gegnum vegg eða gólf
- að vatnsþéttu lagi í vegg eða gólfí
- að yfirborði veggjar eða gólf

Til þess að unnt sé að skipta út óþéttu röri sem liggur gegnum gólf eða vegg í votrýmum, er ráðlagt að nota samtengingar, tengidósir, frárennslistengingar eða fóðurrör.

## 5.0 SAMTENGINGAR

Samtengingar (sjá dæmi á myndum 2a og 2b) eru m.a. notaðar til að tengja blöndunartæki við rör og einkennast af því að vatnsrörið er tekið í gegnum vegginn þar sem blöndunartækið er tengt við. Ef leki verður við tengingu uppgötvast hann framán við vegginn í stað þess að vera ósýniligur inni í vegg. Oft er gat neðan á samtengingunni þar sem hugsanlegur vatnsleiki kemur strax í ljós. Mælt er með notkun fóðurröra til að tryggja enn frekar að hugsanlegur leki komi strax í ljós utan við vegg og valdi ekki skaða inni í vegg.


**MYND 2b**


Dæmi um samtengingu í móruðum eða steyptum vegg

## 6.0 TENGIDÓSIR


Tengidósir (sjá dæmi á myndum 3a og 3b) eru notaðar þar sem tengja á lagnatæki og loka við plaströr. Gert er ráð fyrir tengingu við fóðurrör þannig að unnt sé að skipta út plaströrinu. Ef leki verður á rörinu kemur hann fram í tengidósinni. Tengidósin samanstendur af vatnsþéttum söfnunarkassa þar sem plaströrið er tengt við lagnatæki eða lokann með þar til gerðri tengingu. Tengidósir skulu ávallt vera fastar við vegg.

## 7.0 FÓÐURRÖR


Fóðurrör umlykja vatnsrör þar sem þau gagna í gegnum veggi. Þau geta verið rör ásamt þettingu, sem kemur í veg fyrir að vatn komist inn í vegg.




**MYND 3a**  
Dæmi um tengidós  
í plötuklæddum grindarvegg



**MYND 4a**  
Dæmi um frárennslstengingu



**MYND 3b**  
Dæmi um tengidós  
í plötuklæddum grindarvegg



**MYND 4b**  
Dæmi um frárennslstengingu

## 8.0 FRÁRENNSLISTENGINGAR

Frárennslistengingar (sjá dæmi á myndum 4a og 4b) eru notaðar til að koma frárennslislögnum í gegnum gólf eða veggi. Um er að ræða two hluti sem skrúfaðir eru saman, annar er hluti af röri með ásoðnum flangs og hinn með tenntri fóðringu og rósettum með þettingu.


## 9.0 VIÐGERÐIR

Þegar gera á við eldri lagnir er oft erfitt að koma við þeim aðferðum sem nefndar eru að framan. Oft má þá nota þéttikraga sem þetta má frekar með fljótandi dük (dúkur í dós).

## 10.0 FESTINGAR

Mikilvægt er að öll tengistykki votrýmis-lagna séu fest svo þau þoli álag vegna hitabreytinga og annarra þátta í daglegri notkun. Í steypa veggi er ráðlagt að múra eða steypa inn tengidósir. Í léttu veggi eru samtengingar og fóðringar festar með gagnhaldi og tengidósir og jafnvel sam-tengingar með lausholtum sem fest eru í grindina.

Í létt gólf þar sem ekki er unnt að nota gagnhald eru notaðar sérfestingar sem staðsettar eru eins nálægt úrtaki og mögulegt er, sjá dæmi um slíkar festingar á mynd 5.




**MYND 5**

Dæmi um sérfestingu fyrir PEX-rör

## 11.0 ÞÉTTINGAR

Þéttung umhverfis hreinlætis- og blöndunar-tæki hefur takmarkaða endingu og er allt of oft illa unnin. Rakaummerki á veggjum umhverfis baðker og sturtubotna og á lofti næstu hæðar fyrir neðan, eru merki um að vatn leki meðfram brúnum tækja eða inn með rörum sem tengjast blöndunar-tækjum. Raki í lokuðum rýmum eykur hættu á að lagnir tærist og myndar ákjósanleg lífsskilyrði fyrir örverur.

Kröfuna um þéttleika verður að hafa í huga þegar þétt er milli innra rörs og fóðurkönnuðarsins og milli fóðurkönnuðarsins og veggjar eða gólfs. Vanda þarf vel vinnubrögð við þéttingu, nota rétt þéttiefni, hreinsa kíttisfúgu vel og nota viðeigandi festigrunn. Valdar lausnir þurfa að vera einfaldar í framkvæmd og öruggar gagnvart hugsan-legum lekum, sjá dæmi á mynd 6 um óheppilegan frágang.



**MYND 6**

Óheppileg lausn.  
Rósetta veitir falskt öryggi

Til þess að tryggja vatnsþéttleika milli innra rörsins og fóðurkönnuðarsins skulu fóður-rör vera af rétti stærð þannig að unnt sé að tryggja þéttleika milli þess og innra rörsins með pakkningu (O-hring).

Til þess að tryggja þéttleika milli fóðurkönnuðarsins og veggjar eða gólfs þarf að huga að þéttleika:

- við dúk á ytra yfirborði (e.t.v. undir flís-um)
- við dúk í byggingarhlutanum
- án dúks, t.d. innsteypt í vegg

Algengt er að leki verði með þéttihringjum botnventla undir baðkerum og sturtubotnum. Einnig er algengt að leki verði meðfram þéttingu við vegg. Því er nauðsynlegt að hafa lausa svuntu framan við baðker til að tryggja gott aðgengi til eftirlits og viðhalds.

## 12.0 LAGNASTOKKUR

ÍST 67 Vatnslagnir vísar beint í danska staðalinn DS 439. Þar eru gerðar kröfur um að tengingar séu þannig útfærðar að auðvelt sé að viðhafa eftirlit, gera við og skipta út lagnahlutum.

Lóðrétt rör eru best staðsett í lagnastokki. Lagnastokkinn má staðsetja eftir að búið er að ganga frá baðherbergi þannig að gólfefni og frágangur á vegg séu til staðar undir og bak við lagnastokkinn eða þannig að lagnastokkurinn sé vatnsþéttur og aðskilinn frá votrými.

Aðgengi skal vera gott að stoknum og hugsanlegur leki skal koma strax fram á sýnilegum stað. Þá skal stærð stokksins vera þannig að aðgengi að öllum rörum sé gott til viðhalds og eftirlits.

## 13.0 VIÐVÖRUN

Lagnir í húsum skulu hannaðar og lagðar þannig að vatn frá lekum rörum eða óþéttum tengingum komi fram á sýnilegum stað þannig að unnt sé að gera við lekann áður en frekara tjón verður.

Í lagnastokki með vatnsþéttum botni og staðsettum í votrými er hægt að koma viðvörun fyrir á einfaldan hátt. Hægt er að koma fyrir litlu röri sem safnar upp leka og skilar vatninu fram á sýnilegum stað eða við rakanema.

## 14.0 SAMANTEKT

- Votrými skulu vera þétt.* Mikilvægt er að velja vatnsþétt efni á gólf og veggi í votrýmum (blaut svæði, rök svæði sjá gr. 2.0). Frágangur skal vera þannig að efnin séu í raun vatnsþétt og mikilvægt

að fara eftir leiðbeiningum varðandi límingu, fúgur og aðrar þéttigar. Notkun þéttidúka undir flíssar er nauðsyn á blautsvæðum.

- Gera skal ráð fyrir leka.* Við hönnun votrýma og lagnakerfa skal gera ráð fyrir mögulegum leka og haga kerfinu þannig að hann uppgötvist fljótt og valdi ekki tjóni. Huga þarf að því hvar mögulegur leki kemur fram og þarf gólf að vera vatnsþolið og niðurfall til staðar.
- Gera skal ráð fyrir viðgerðum.* Við hönnun og útfærslu lagna skal huga að því að viðgerðir verði sem einfaldastar og ódýrastar. Baðherbergið er eitt dýrasta herbergið í húsinu. Ef unnt er að skipta út lögnum á tiltölulega ódýran hátt er hægt að endurnýja lagnakerfið áður en það er úr sér gengið og vatnstjón verða.

Blað þetta er tekið saman af Ragnheiði I. Þórarinsdóttur verkfræðingi á Rb með hliðsjón af BYG-ERFA blaðinu Gennemföring af rör i vådrumsgulve og – vægge, og Vådrum frá BY og BYG.

**Ritvinnsla og umbrot:**  
Sigrún Pétursdóttir

**Prentun:**  
Gutenberg ehf.

**ENDURPRENTUN ÓHEIMIL.**